

IS FYRIRTÆKJALÁNASJÓÐUR HS.

Viðbótarupplýsingar vegna töku skuldabréfaflokksins IS FYR 21 1 til viðskipta

Viðbrögð vegna fárra eða verulegs mótaðila

Vísað er til verðbréfalýsingar IS Fyrirtækjalánasjóður hs., kt. 650821-9630, Hagasmára 3, 201 Kópavogi („útgefandi“), dags. 28. október 2024. Verðbréfalýsingin var staðfest af fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands þann 29. október 2024.

Til viðbótar við þær upplýsingar sem koma fram í verðbréfalýsingu birtir útgefandi, að beiðni Nasdaq Iceland, á vefsetri sínu eftirfarandi upplýsingar sem taldar eru mikilvægar eða til hagsbóta fyrir fjárfesta.

Upp getur komið sú staða vegna t.d. umfram- og uppgreiðslu á langtímakröfum útgefanda, að mótaðilar verði færri en fimm eða vægi eins mótaðila teljist verulegt, eða stærra en sem nemur 20% af eignum sjóðsins. Í því tilfalli gæti komið til skoðunar upplýsingagjöf af hendi útgefanda um eftirstandandi mótaðila. Útgefandi hefur sett sér verklag um viðbrögð vegna slíkra tilfella en samkvæmt því getur hann brugðist við með því að endurfjárfesta samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni í peningamarkaðsgerningum, innlánnum eða hlutdeildarskírteinum lausafjárjóða í stað þess að greiða áfram til fjárfesta í formi vaxta eða umframgreiðslu á skuldabréfaflokknum. Ef útgefandi bregst ekki við með viðeigandi ráðstöfunum gæti komið til afskráningar skuldabréfaflokksins.

Kópavogur, 31. október 2024